



VERKLAGSREGLUR um samkeppnina um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS

1. Umsýsla

1.1. Vísinda- og nýsköpunarsvið HÍ annast umsýslu samkeppninnar.

2. Þátttaka

2.1. Samkeppnin er opin fyrir starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Með tengdum stofnunum er átt við stofnanir sem Háskóli Íslands er í samningsbundnu samstarfi við enda sinnir starfsmaður eða nemandi kennslu, störfum eða námi hjá báðum stofnunum.

2.2. Ef tveir eða fleiri aðilar leggja saman inn umsókn verður starfsmaður eða nemandi Háskóla Íslands eða tengdra stofnanna að eiga meginþátt í tilurð verkefnis/ hugmyndar. Dómnefnd eða vísinda- og nýsköpunarsvið geta óskað eftir nánari skýringum við mat á framlagi aðila.

3. Umsókn

3.1. Tilgreina ber í umsókn upplýsingar um aðalumsækjanda og aðra þátttakendur í verkefni/hugmynd. Skilyrði er að tilgreindir aðilar í umsókn hafi sjálfir unnið að verkefni/hugmynd.

3.2. Umsókn skal tilgreina lýsingu á verkefni/hugmynd á 2-4 blaðsíðum og stutta ferilskrá umsækjenda. Með umsókn er heimilt er að senda stuttan útdrátt úr viðskiptaáætlun, lokaverkefni eða grein. Umsókn með fylgigögnum skal ekki vera lengri en 10 blaðsíður. Umsóknin má vera á íslensku eða ensku.

3.3. Umsókn skal skila rafrænt eða skriflega til vísinda- og nýsköpunarsviðs. Umsókn þarf að vera hægt að ljósrita.

3.4. Heimilt er að leggja inn samskonar umsókn um tiltekið verkefni/hugmynd sem ekki fékk verðlaun í fyrri keppni enda hafi verið unnið að verkefninu/hugmyndinni eftir þann tíma.

4. Umsóknarfrestur

4.1. Vísinda- og nýsköpunarsvið auglýsir umsóknarfrest í upphafi haustmíssis árs hvert. Umsóknir sem berast eftir tilgreindan umsóknarfrest verða ekki teknar gildar. Miðað er við að úrslit liggi fyrir í nóvember.

5. Val á verkefni

5.1. Veitt eru peningaverðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Við val á verkefni/hugmynd skoðar dómnefndin eftirfarandi þætti, án tillits til neðangreindrar röðunar:

- i) Leiðir við hagnýtingu og hversu fljótt unnt sé að hagnýta uppfinningu.
- ii) Hvort hagnýting styðji við stefnu og starfsemi HÍ.
- iii) Rannsóknavinnu að baki verkefnis/hugmyndar.
- iv) Nýnæmi og frumleika.
- v) Ávinning fyrir samfélagið.

6. Dómnefnd

6.1. Rektor skipar dómnefnd samkeppninnar og ákveður fjölda fulltrúa í henni og hver gegnir formennsku. Fulltrúar í dómnefnd eru bundnir trúnaði um efni umsókna og fylgigagna sem send eru inn í samkeppnina.

6.2. Dómnefnd tekur ákvörðun um þau verkefni/hugmyndir sem fá verðlaun. Ákvörðun dómnefndar er endanleg og verður ekki kærð til annars stjórnvalds.